

6. fundur stjórnar landssambands DKG

Haldinn þriðjudaginn 31. mars 2020, kl. 19.30-20.30 á Skype.

Mættar: Aníta, Ingibjörg, Eygló, Theodóra, Jóna, Guðrún Edda, Jónína og Jenna.

Dagskrá:

1) Fundargerð síðasta fundar

Aníta les fundargerð síðasta fundar.

2) Vorþingið

a. Þátttökugjöld

Þátttökugjald ákveðið 6.000,- og inniheldur ráðstefnugjald og kvöldverð.

3) Framkvæmdaráðsfundur í september, í Borgarnesi?

a. Gisting – á landssambandið að greiða hana?

Ákveðið að halda fundinn í Borgarnesi og greitt verði fyrir ferðakostnað og kvöldverð fundarkvenna en þær greiði gistingu sjálfar.

4) Fréttabréf forseta

Ingibjörg hefur sent fréttabréfið til stjórnarkvenna sem margar hverjar hafa lesið yfir og veitt endurgjöf.

5) Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur ákveðinn 21. apríl 19:30. Aníta úbýr Skype fundarboð á Outlook.

6) Önnur mál

a. 90 ára afmæli Vigdísar Finnbogadóttur

Ingibjörg greinir frá ósk Vigdísar sjálfrar um að allar gjafir renni í styrktarsjóð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, þar sem hún er sjálf formaður og getur ráðstafað söfnunarfénu til verkefna. Stjórn samþykkir að leggja 200.000,- kr. í sjóðinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Fundargerð ritaði Aníta Jónsdóttir.